



2010

Þjóðarspegillinn

Áramótaskaupið og aðrar óspektir um áramót

Kristín Einarsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-02-0



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Áramótaskaupið og aðrar óspektir um áramót

Kristín Einarsdóttir

Gamlárskvöldi eyða flestir Íslendingar með stórfjölskyldunni í hefðbundinni áramótaveislu sem samanstendur af hátíðlegum kvöldverði, flugelda-sprengingum og áhorfi á áramótas kaup sjónvarpsins. Þarna eru afar og ömmur, þabbar og mömmur ásamt fjölda barna á ýmsum aldri. Fullorðna fólkið spjallar, fær sér vínglas eða kaffi og gæðir sér á afgangunum af jólakonfektinu. Börnin hlaupa um húsið, með hurðasprengjur og við og við heyrir hvellur þegar einhver í sakleysi sínu opnar dyr þar sem slíkri sprengju hefur verið komið fyrir. Þegar klukkan nálgast hálfellefu eykst spennan, skaupið er að byrja. Börn og fullorðnir setjast fyrir framan sjónvarpið og þögn færir yfir húsið og nágrennið. Úti fyrir hljóðna sprengingarnar sem hafa dunið allan daginn og dagana áður. Einn gestanna gæti mögulega verið útlendingur, boðinn í mat þetta kvöld en þótt vitað sé að hann geti ekki skilið nokkuð af því sem fram fer á skjánum, hvarflar ekki að neinum að sleppa kaupinu og sinna gestinum. Hann verður að horfa eins og aðrir.

Hér verður leitast við að greina áramótaskaupið með tilvísun til ýmissa hugtaka og kenninga um tímamót, jaðartímabil og karnival.

Fyrsta skaupið var flutt árið 1966 aðeins nokkrum mánuðum eftir að sjónvarpið hóf göngu sína hér á landi („Þeir sem“, 2008). Það hefur frá upphafi notið gífurlegra vinsælda og áhorfstölur slegið öll met. Páll Magnússon útvarpsstjóri segir í viðtali í *Fréttablaðinu* um áhorf á áramótaskaupið:

Þær tölur eru með ólíkindum. Síðasta kaup mældist með 93,3 prósent í uppsafnað áhorf sem er aukning um tæpt prósent frá árinu áður. En árið 2002 fór það upp í 95,5 prósent („Áramótaskaupið margfaldur“, 2007).

En slíkt fjöldaáhorf er þó ekki einsdæmi, oft sameinast stórir hópar við sjónvarpið og fylgjast með atburðum sem oftast eru fyrirfram kunnir og má kalla einu nafni „fjölmíðlahátíð“ (Þorbjörn Broddason, 2005). Hér er til dæmis um að ræða íþróttaviðburði og er skemmst að minnast handboltakappleikja íslenska handbolta-landsliðsins í janúar 2010 og ágúst 2007 þegar svo að segja öll þjóðin fylgdist með. Á slíkum stundum er þjóðin sem einn maður, allir sameinast um eitt takmark og geta á sama hátt tekið sameiginlega þátt í undirbúningi og úrvinnslu atburðarins. Skaupið er einmitt slík fjölmíðlahátíð, almenningur tekur þátt í undirbúningnum með því að fylgjast með fjölmíðlaumfjöllun um atburðinn. Á gamlárskvöld sameinast svo þjóðin við sjónvarpskjáinn og úrvinnslan fer svo fram næstu daga og vikur í umræðum manna á milli.

Hvað er það í kaupinu sem verður til þess að þjóðin öll situr við sjónvarpið sem einn maður þessa klukkustund sem það tekur? Á skaupið ef til vill eitthvað sameiginlegt með óeirðum og óspektum almennings sem áttu sér til dæmis stað hér á landi á gamlárskvöld eða vikivakasamkomum fyrr á öldum? Almenningsi á Íslandi virðist vera mikilvægt að horfa á skaupið á gamlárskvöld og ekki degi síðar.

Óeirðir um áramót

Áramótabrennur byrjuðu hér á landi um miðja 19. öld og heimildir eru um að við brennurnar hafi á þeim tíma komið til ryskinga og drykkjuláta (Klemenz Jónsson í Árni Björnsson, 1993). Sá síður að safna í áramótabrennu og kveikja í henni breiddist hratt út um landið og munu brennur hafa verið nokkuð algengar hér á landi frá upphafi 20. aldar, en ekki er frekar minnst á óeirðir í beinum tengslum við þær (Árni Björnsson, 1993). Aftur á móti héldu óeirðaseggirnir uppteknum hætti þótt þeir hafi kosið að láta brennurnar eiga sig og um miðja síðustu öld bárust fréttir af miklum óspektum í miðbæ Reykjavíkur. *Morgunblaðið* segir þannig frá gamlárskvöldi ársins 1948:

Óvenjuleg skríslæti voru höfð í frammi hjer í bænum á gamlárskvöld og það svo að sjaldan munu hafa verið gerðar fleiri tilraunir til skemdarverka. Lögreglunni tókst hinsvegar vel, að halda fólkinu í skefjum og stöðva skemdarverkatilraunir. Eitt alvarlegasta skemdarverkið var er tilraun var gerð til að kveikja í skúr þar sem sprengjuefni var geymt („Óvenjuleg skríslæti“, 1948).

Af þessu má sjá að svokölluð skríslæti virðast hafa tengst gamlárskvöldi en slíkt atferli á hátíðum og tímamótum er síður en svo nýtt af nálinni. Til vandræða horfði í miðbæ Reykjavíkur á gamlárskvöld ár eftir ár um miðja síðustu öld, vegna mikilla óeirða sem þar urðu. Yfirvöld brugðu þá á það ráð að leyfa áramótabrennur í úthverfum til að lokka unglínga og óeirðaseggi burtu úr miðbænum (Árni Björnsson, 1993). Flosi Ólafsson minnst þessara óeirða í viðtali og virðist hann standa í þeirri trú að áramótas kaup sjónvarpsins hafi átt sinn þátt í að koma í veg fyrir téðar óeirðir:

Það sem mér er einna eftirminnilegast við þessi kaup er að þegar þau hófust breyttist nær allt atferli manna til hins betra. Fyrir þann tíma hafði allt verið hálfvitlaust niðri í bæ á gamlárskvöld og lögreglan réði ekki neitt við neitt, en eftir að kaupin byrjuðu var nær enginn á ferli; allir héldu sig heima og horfðu á kaupið („Götur tæmdust“, 1996).

Erfitt er að segja til um hvort Flosi hefur rétt fyrir sér í því að kaupin hafi átt þátt í að minnka óeirðir á gamlárskvöld eða ekki, en þó má til sanns vegar færa að kaupið sé rökrétt framhald af slíkum óeirðum.

Tímamót

Að halda hátíð á tímamótum hverskonar, er manninum eiginlegt en segja má að hægt sé að skipta hátíðum gróflga í tvo aðalflokka. Annars vegar eru hátíðir sem yfirvöld, veraldleg og andleg, á hverjum stað og tíma stjórna og skipuleggja. Hér er um að ræða trúarlegar hátíðir, jól og páska og þjóðhátíðir ýmskonar þar sem valdhafar þjóðarinnar eru áberandi og reglur hátíðarinnar eru settar af þeim sem valdið hafa. Hátíðir af þessu tagi leggja í rauninni sitt lóð á vogarskálarnar til að festa þá sem valdið hafa í sessi. Hins vegar eru hátíðir almennings eða alþýðunnar og hér á landi má til dæmis nefna forna dansleiki eða vikivakasamkomur þar sem almenningur kom saman og viðhafði ýmsan háttskap sem yfirvöldum var oft ekki að skapi (Aðalheiður Guðmundsdóttir, 2009). Á seinni tímum má til dæmis nefna hátíðir ungs fólks um hvítasunnu- og verzlunarmannahelgar. Á hátíðum sem þessum eru aðrar reglur en þær sem viðhafðar eru á hinum hefðbundnu hátíðum yfirvalda, þar sem eru hefðbundnar fastar reglur, stéttskipting er augljós og undirstrikuð með ýmsu móti. Á hátíðum almennings er allt

annað yfirbragð og stéttskipting er lítil eða engin. Slíkar hátíðir einkennast oft af mikilli drykkju, kynlífi og svalli. Almennungur tekur völdin og hlutverkum er snúið við (Bakhtin, 1984). Sama hátíð getur í raun bæði talist hátíð þeirra sem stjórna og alþýðunnar, og má nefna *17.júní*, Þjóðhátíðardag okkar Íslendinga, sem hefst með árvissum atburðum þar sem stjórnvöld landsins eru í aðalhlutverki en lýkur svo oftast en ekki með karnivalsástandi þar sem alþýðan er í aðalhlutverki.

Áramót Íslendinga og þá fyrst og fremst áramótaskaup sjónvarpsins eiga ef að er gáð ýmislegt sameiginlegt með slíkum almenningshátíðum þar sem gert er grín að yfirvöldum og ýmsu því sem hátíðlegt þykir á öðrum tímum er snúið á hvolf og gert skoplegt. Skaupið beinir fyrst og fremst spjótum sínum að þeim sem valdið hafa hverju sinni hvort sem um er að ræða stjórnámálamenn, „frægt“ fólk eða þá sem á einhvern hátt standa upp úr fjöldanum. Í skaupinu er oft hæðst að því sem dags daglega er þjóðinni heilagt og má nefna mýmörg dæmi um þetta. Í gegnum tíðina hefur grínið til dæmis oft beinst að gamla bændasamfélaginu, Þingvallahátíðum, æðri listum og svo framvegis. Í skaupum síðustu ára er þetta þema ekki síður áberandi og má nefna að í skaupinu 2007 beindist til dæmis grínið að álfatrú Íslendinga. Skaupið hefst á atriði í flugvél þar sem þýsk hjón skiptast á skoðunum um hvort svokallaðir álfasteinar séu venjulegt grjót eða ekki, en slíkt grjót höfðu hjónin einmitt keypt í verslun á Íslandi. Í könnun sem gerð var árin 2006 og 2007 kom fram að meira en helmingur íslensku þjóðarinnar telur mögulegt, líklegt eða öruggt að álfar séu raunverulegir (Gunnell, 2007). Þessari trú flíka menn líklegast ekki hversdags en þrátt fyrir það þykir sjálfsagt að segja útlendingum frá þessari trú og má jafnvel halda því fram að álfatrú hafi verið markaðssett fyrir ferðamenn og dæmi eru um að erlendir ferðamenn komi hingað með það fyrir augum að kynna álfatrú Íslendinga. Trú á álfa eða aðrar vættir þykja ekki hafa vel upplýstu fólki og bókmenntir þar sem söguhetjur láta tilfinningar sínar óspart og opið í ljós njóta ekki þeirrar virðingar sem áður var (Oring, 2003). En þrátt fyrir það að ekki þyki lengur við hæfi að setja á bók lýsingar á miklum tilfinningum, hefur fólk samt sem áður tilfinningar og þeirra farvegur getur til dæmis verið húmor af ýmsu tagi. Ýmsar tilfinningar fólks fá útrás í húmor eða skemmtiefni yfirleitt og er skaupið dæmi um þessa útrás tilfinninga sem annars eru bældar.

Dagsdaglega vilja Íslendingar ekki gera lítið úr því sem oft er kallað „menningararfur“ þjóðarinnar. Á hátíðastundum koma Íslendingar saman á Þingvöllum, heiðra minningu forfeðranna og hlusta á valdhafa flytja ræður. En þegar kemur að áramótaskaupinu er gert grín að þessum sömu valdhöfum og hátíðunum sem nokkrum mánuðum áður voru fjölmennar á Þingvöllum. Sú tilfinningasemi og virðing sem flestir bera fyrir hinum sögufræga stað vikur fyrir gríninu. Það er nefnilega ekki bara reiði og hatur sem fá útrás í gríninu heldur líka tilfinningasemi sem á vissum tímabilum snýst upp í andhverfu sína (Oring, 2003).

Í skaupinu 2009 sást fjallkonan hlekkjuð á vegg eftir mikið samkvæmi á Bessastöðum sem greinilega hafði farið úr böndunum. Fjallkonan er flestum Íslendingum heilagt tákn fyrir þjóðina, frelsið, fjöllin, íslenskar konur og mæður yfirleitt. Bessastaðir eru aðsetur forseta landsins sem er jú helsta virðingarstaða þjóðarinnar. En í skaupinu voru Bessastaðir sýndir í rústum eftir mikið samkvæmi og forsetinn fékk aðra helstu ráðmenn þjóðarinnar til að sópa saman ruslinu. Skaupið er hér það sem oft hefur verið kallað „karnival“, en karnival á sér stað þegar almúginn tekur völdin og þeir sem herra eru settir eru sýndir í hlálegu ljósi. Hér er um að ræða hátíð fólksins þar sem þeir sem á öðrum tímum njóta virðingar og eiga sinn háa stall í stigveldi samfélagsins, stjórnvöld og æðra settir eru skotsþónar gríns og almenningur fær að sjá þá í öðru ljósi en hinu hefðbundna. Hlutverkum er snúið á hvolf, almenningur hlær að þeim sem venjulega eru taldir æðri (Bakhtin, 1984).

Grínið að forseta landsins í skaupinu 2009 tengist líka öðrum þræði í skaupum yfirleitt en það er þegar þeim sem eru álitnir bregðast þjóðinni er hegnt eftirminnilega.

Um þetta eru mörg dæmi í fyrri skaupum og má til dæmis minnst á hlut þingmannsins Árna Johnsen í skaupinu frá 2001 en hann hafði þá orðið uppvís að fjármálamisferli í ýmsum trúnaðarstörfum og var dæmdur til fangelsisvistar. Hlutur Árna Johnsen í skaupinu 2001 var stór og í jafnvægi við umfjöllun sem mál hans hafði fengið fyrir á árinu („Árni Johnsen“, 2002).

Ólafur Ragnar er af mörgum talinn hafa verið of mikill talsmaður útrásarinnar og þar með að einhverju leyti í hópi þeirra sem urðu valdir að hinu mikla efnahagshruni. Útrásarvíkingarnir svokölluðu nutu virðingar meðan allt gekk vel en eftir hrúnið má segja að sú virðing hafi snúist upp í andhverfu sína og þeim hegnt fyrir þau afgangur sem mörgum þykir þeir hafa gert sig seka um. Í skaupinu 2009 voru leikarar í hlutverkum Jóns Ásgeirs og Björgólfs Thors flengdir opinberlega á Austurvelli. Árið 2007 var liað af fréttum af forstöðumanni Byrgisins, meðferðarheimilis fíkniefnaneytenda, en hann varð uppvís að ýmiskonar misnotkun og dæmdur til fangelsisvistar. Hér eins og víðar í skaupinu er þeim sem bregst trausti almennings hegnt eftirminnilega og hann gerður einn helsti skotsþóinn skauptsins. En þeir sem fá þó helst á baukinn eru stjórnálmenn sem að áliti almennings hafa misstigið sig í því hlutverki sem þjóðin treysti þeim fyrir með því að kjósa þá til starfa á Alþingi. Skyld þessu eru þema sem lengi hefur verið í áramótaskaupum en það er þegar gert er grín að æðri listum, óperum, ballettsýningum og þess háttar. Þar virðist vera markmiðið að þeir sem telja sig þess umkomna að segja almenningi hvað teljist til hinna æðri lista sé refsað eða þeim að minnsta kosti sýnt að hægt er að koma æðri listum niður á lægra plan með því að gera að þeim grín.

Í skaupinu frá 2008 var atriði þar sem borgarstjórn Reykjavíkur var sýnd sem hópur unglunga í gagnfræðaskóla og sameinaðist þar í raun og veru tvenns konar grín, annars vegar þar sem gert var grín að stjórnvöldum sem höfðu brugðist, en þetta ár voru tíð skipti á borgarstjórnarmeirihluta í Reykjavík og þótti reyndar ýmsum nóg um. Hins vegar er líka verið að setja þá sem hærra eru settir í þjóðfélaginu neðar í þjóðfélagsstigann þar sem hin virðulega borgarstjórn Reykjavíkur er sýnd tyggjandi tyggjó, með farsíma í annarri hendi og ipod í hinni.

Áramótin í fjölmiðlum

Fjölmiðlar á Íslandi gera áramótunum líka skil eins og öðru sem fram fer í samfélaginu. Á báðum sjónvarpsstöðvunum eru á gamlársgagn sýndir fréttapættir frá liðnu ári, þar sem farið er yfir innlendar og erlendar fréttir ársins. Þessir þættir hafa lengi verið árvissir og í þá lögð umtalsverð vinna af hálfu sjónvarpsstöðvanna. Stöð 2 hefur um árabíl haft á sinni dagskrá á gamlársgagn þátt sem nefndur er „Kryddsíld“ þar sem formenn stjórnálmálflokkanna hittast og eru spurðir spjörunum úr um stjórnálmál ársins sem er að líða og framtíðarhorfur. Auk þessara þátta í sjónvarpi er ýmislegt í ljósvakamiðlunum sem minnir á að uppgjör sé að fara fram. Maður ársins er kosinn á Rás 2, besta dægurlagið er stundum valið, kynþokkafyllsta konan og svo mætti lengi telja. Allt þetta sýnir að uppgjör við atburði ársins er almenningi mikilvægt og fjölmiðlar sem vissulega eiga að vera og eru samtvinnaðir lífi fólksins í landinu, taka allir þátt í þessu uppgjöri.

Hápunktur uppgjörsins hvað varðar fjölmiðla og áhuga almennings er áramótaskaupið sem sýnt er á gamlársgagn, klukkutíma langt og ekkert til sparað.

Greinilegt er af fjölmiðlaumfjölluninni að undirbúningur skauptsins þykir koma þjóðinni við. Fjölmiðlar fylgjast með og þegar líða tekur að jólum eru árviss viðtöl í dagblöðum við leikstjóra og handritshöfundu skauptsins sem gæta þess að láta ekkert uppi um efni skauptsins en mikil leynd hvílir jafnan yfir efni þess („Enginn vildi“, 2007; „Yfir 50“, 2007; „Þeir sem“, 2007). Þessi fjölmiðlaumfjöllun er í rauninni hluti af sviðsetningu skauptsins, verið er að undirbúa almenning í landinu. Sviðið er

sjónvarpsskjáir allra landsmanna, leikendur eru ekki bara þeir sem birtast á skjánum heldur líka þeir aðilar og atburðir sem fjallað er um hverju sinni. Handritið er ekki bara handrit handritshöfundanna heldur atburðir ársins og gestir erum við sem sitjum í stofunni og dæmum skaupið hvert sinn. Dómur fólksins fer svo eftir því hvernig þykir til hafa tekist við að gera upp árið. Eitt af því sem einkennir áramótaskaupið er hversu mikla umfjöllun það fær og ekki aðeins í undirbúningnum eins og hér hefur verið rakið, heldur er skaupið eitt helsta umræðuefni almennings að því loknu og reyndar næstu daga og vikur. Líklegt má telja að varla sé sú kaffistofa á landinu þar sem ekki er minnst á skaupið fyrstu vikur janúarmánaðar ár hvert. Þessi umfjöllun ratar á síður dagblaðanna ekki síður en undirbúningurinn og verða stundum heitar umræður um hvernig uppgjörið tókst í hvert sinn. Í dagblaðinu *24 stundir* voru til dæmis tíu álitsgjafar fengnir til að gefa skaupinu frá nýliðnu gamlárskvöldi einkunn og umsögn og sýndist sitt hverjum („Skaupið fær“, 2008). Öll þessi mikla umfjöllun um skaupið er í raun og veru hluti af áramótunum og þeirri hátíð sem þá er haldin. Skaupið er undirbúið eins og hver önnur sýning eða hátíð, hvort sem sýningin fer fram í leikhúsi eða í heimahúsi þar sem hver og einn leikur sitt hlutverk og húsið er merkt því að nú fer hátíð í hönd með tiltekt og ýmiskonar skreytingum. Skaupið er undirbúið, samið og sett á svið og að því loknu fer fram úrvinnsla þess, þar sem almenningur í landinu ræðir hvernig til tókst.

Áramót er millibilsástand þar sem árið er að verða búið og nýtt ár að taka við. Áramótaskaupið er bæði raunverulegt og óraunverulegt, þar sem alltaf er vísað í raunverulega atburði ársins sem eru að líða og jafnframt óraunverulegt þar sem atburðirnir eru settir í annað samhengi. Leikarar leika til dæmis alþingismenn og ráðherra þjóðarinnar sem oft birtast í afkáralegum hlutverkum, öfugt við hversdaginn þegar ráðamenn þjóðarinnar birtast þjóðinni í eigin persónu. Hér er um að ræða býsna algengt þema sem gengur í gegnum brandara og húmorefni af ýmsu tagi, það er að segja þegar einu atriði er varpað fram en svo sett í samhengi við annað atriði sem verður til þess að áhorfandi eða áheyrandi upplifir það sem oft hefur verið kallað videigandi misræmi (*appropriate incongruity*) (Oring, 1992). Slík aðferð í húmorfræðum, ef svo má að orði komast, er algeng og trúlega hægt tengja meirihluta alls slíks efnis við hana.

Húmor er í rauninni vopn fólks til að láta í ljós óánægju sína með hvaðeina sem aflaga hefur farið að þeirra mati. Í skaupinu er það ekki aðeins þeir sem semja handrit að skaupinu, stjórnar því og taka að sér hlutverk stjórnmalamannanna hvert ár heldur eru það líka áhorfendur sem með áhorfi sínu taka þátt í ádeilunni. Í húmor birtast oftast ekki þær tilfinningar sem við ekki látum í ljós, fáir mundu taka að sér að flengja útrásarvíkingana, svo dæmi sé tekið, en mörg okkar hlæja þegar grínleikarar landsins sýna okkur þá í þessu ljósi. Húmorinn hjálpar þar með til að halda samfélaginu í skefjum. Við fáum útrás erfiðra tilfinninga með því að hlæja að ímynduðum örlögum þeirra sem við teljum okkur eiga harma að hefna (Oring, 2003).

Árið 2009 mæddi mikið á stjórnendum landsins og ber skaupið það ár þess vitni. Mikið hafði verið rætt um að nauðsynlegt væri að sýna gagnsæi við stjórnun landsins og setningar eins og að „allt ætti að vera uppi á borðinu“ og að „velta ætti við hverjum steini“ voru algengar í orðræðu stjórnmalamanna. Mörgum þótti þessi loford hafa brugðist og þess saust merki í áramótaskaupinu. Nokkur atriði voru þá með því sniði að viðskiptavinur kom í verslun og vildi fá upplýsingar um vörur eins og þvottaefni en afgreiðslumaðurinn svarar: „við erum bara ekki reiðubúin að greina frá því í smáatriðum við aðstæður sem þessar“. Að segja sögur í hegningarskyni af óföllum þeirra sem bregðast trausti fólks er þá ekki nýtt af nálinni í þjóðfræðiefni hverskonar. Slík minni má finna í fjölmörgum þjóðsögum (Jón Árnason, 1954-1960) og bröndurum af ýmsu tagi.

Lokaorð

Ef til vill má halda því fram að áramótaskaupið sé í raun og veru hið eiginlega sameiningartákn þjóðarinnar. Það er í beinu framhaldi af þjóðsögnum þar sem þeim sem reyndust vera svikulir er refsað og gamansögum sem sagðar eru um þá sem hreykja sér hærra en hinir. Í skaupinu fær almenningur útrás fyrir þörfina á að koma þeim sem venjulega telja sig hærra setta niður á sama stað og við hin. Oft hefur verið rætt um að endursýna ætti skaupið á nýársdag eða annan í nýári. Slíkar vangaveltur eru auðvitað góðra gjalda verðar en af orsökum sem hér hafa verið raktar má leiða líkum að því að slík endursýning tapi því gildi sem það hefur að sjá skaupið á gamlárskvöld, þegar árið er að líða og næsta ár rétt handan við hornið. Fjölskyldur og vinir munu halda áfram að hittast og gera sér dagamun á áramótum sem og öðrum tímamótum, horfa um öxl og velta fyrir sér framtíðinni, hvort sem áramótaskaupið í hinu íslenska sjónvarpi heldur áfram eða ekki. Áramótaskaupið, óeirðirnar sem áður brutust út í miðbæ Reykjavíkur, drykkja og svall forfeðra okkar og mæðra á vikivakadansleikjunum fyrri alda og karnivalssamkomum miðalda eiga það sameiginlegt að þær ber upp á tímamótum og eru tæki almennings til að taka völdin í sínar hendur um stund.

Heimildir

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. (2009). „Siðferði gleðinnar. *Saga*, 47(1).
- Áramótaskaupið margfaldur heimsmeistari á áhorfi. (2007, 22. febrúar). *Fréttablaðið*, bls. 50.
- Árni Björnsson. (1993). *Saga daganna*. Reykjavík: Mál og menning.
- Árni Johnsen dæmdur í 15 mánaða fangelsi. (2002, 7. júlí). *Morgunblaðið*, bls. 6.
- Bakhtin, M. (1984). *Rabelais and His World*. Bloomington: Indiana University Press.
- Enginn vildi auglýsa í Skaupinu. (2007, 6. desember). *Fréttablaðið*, bls. 66.
- Erum ekki að breyta stjórnarskránni. (2007, 31. desember). *Fréttablaðið*, bls. 62.
- Göturnar tæmdust. (1996, 23. desember). *Helgarpósturinn* bls. 8.
- Jón Árnason. (1954-1960). *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (1.-6. bindi). Reykjavík: Þjóðsaga.
- Oring, E. (1992). *Jokes and Their Relations*. Borg: The University Press of Kentucky.
- Oring, E. (2003). *Engaging Humor*. Urbana and Chicago: University of Illinois Press
- Óvenjuleg skríslæti á gamlárskvöld. (1948, 3. janúar). *Morgunblaðið*, bls. 2.
- Skaupið fær 7,5 í einkunn. (2008, 3. janúar). *24 stundir*, bls. 40.
- Terry Gunnell. (2007). „Það er til fleira á himni og jörðu, Hóras...“ Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 801-812). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Yfir 50 leikarar í Skaupinu. (2007, 5. desember). *Fréttablaðið*, bls. 46.
- Þeir sem sáu fyrsta skaupið skemmtu sér hið besta. (2008, 30. desember). *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Þorbjörn Broddason. (2005). *Ritlist, prentlist, nýmíðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.